

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

6. maí 2024

Efni: Umsögn SFF um frumvarp um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019. Þingskjal 1368 — 923. mál.

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytingar á umferðarlögum sem innviðaráðherra lagði fram á Alþingi þann 27. mars síðastliðinn. Samtökin fagna jákvæðum breytingum á löggjöfinni en vilja þó koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Skilgreining á smáfaratæki

Allar sérreglur laga um ökutækjatryggingar svo sem strangari bótareglur og váttryggingarskylda hvílir að meginreglu á því hvort ökutækið telst skráningarskylt eða ekki. Skráningarskylda leiðir almennt til tryggingaskyldu. Vegna þess að mikil réttaráhrif fylgja skráningarskyldunni er mikilvægt að afmörkun í skilgreiningu á smáfarartækjum, sem undanþegin verða skráningarskyldu, sé eins nákvæm og kostur er. Frumvarpið tekur skýrlega á því að smáfarartæki séu undanþegin skráningarskyldu rétt eins og létt bifhjól í flokki 1 en samtökin hafa eftirfarandi athugasemdir við orðalag skilgreiningarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að skilgreining á hugtakinu smáfarartæki hljóði svo:

„Smáfarartæki: Lítið vélknúið ökutæki sem er án sætis, telst hvorki létt bifhjól né reiðhjól og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur t.d. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli.“

Að mati SFF er jákvætt að umferðarlög fái sérstaka skilgreiningu á hugtakinu smáfarartæki en óvíst er hvort hún nái nægilega vel utan um þennan flokk ökutækja. Þess má geta að til eru rafknúin hlaupahjól með sæti og ekki ólíklegt að slík tæki rati hingað til lands eða hafi nú þegar gert það en hægt er þanta slík tæki af internetinu og láta senda til landsins.

Þá eru einnig til bríhjól (rafskutlur), sem eru talsvert notuð af öldruðum og fótalúnum einstaklingum, sem mögulega eru gerð fyrir hraðari akstur en 6 km/klst. og eru öll með sæti – jafnvel einnig fyrir farþega. Óvíst er hvernig flokka ber þau tæki.

Þá er orðalagið „er hannað til“ óheppilegt að mati SFF þó það sé einnig notað um létt bifhjól í flokki 1. Ýmsar tegundir af rafhlaupahjólum eru í stærri kantinum, sterklega byggð og búin rafmótor sem gerir þeim kleift að aka á allt að 80 km hraða. Stundum er hægt að komast framhjá hraðatakmarkuninni með einfaldri skipun í appi og þá þarf ekki einu sinni að aftengja hraðatakmarkara með því að klippa á víra, osfrv. Mögulega er ekki hægt að fullyrða að slík tæki séu „ekki hönnuð“ til hraðari aksturs en 25 km. Betur færi á því að nota til að mynda orðalagið „ætlað til“ eða „sem óheimilt er að aka hraðar en 25 km/klst“. Dómstólar hafa nú þegar fengið þennan vafa á sitt borð og því aðkallandi að þetta sé skýrt.

Tillagt orðalag skilgreiningarinnar vekur upp enn fleiri spurningar. Hvað með tæki sem eru „hönnuð“ til hægari aksturs en 6 km. eða hraðari en 25 km en teljast samt ekki bifhjól. Hvernig ber að flokka slík tæki? Verður stór rafskúta þá að léttu bifhjóli í flokki 2 og þar með skráningarskyld og váttryggingaskyld? SFF leggja því til að sett verði í löginn reglugerðarheimild, sem heimili ráðherra að afmarka betur hvaða tæki falla undir þessa flokka. Með þeim hætti er auðveldara að bregðast við tækniþróun og tilkomu nýrra gerða af tækjum á markaðinn.

10. gr. frumvarpsins – Breyting á 69. gr. umferðarlaga um öryggi, gerð og búnað ökutækis

Í frumvarpinu eru ákvæði um að óheimilt sé að breyta ökutækjum þannig að þau komist hraðar en þau eru ætluð til og að bannað sé að nota slík ökutæki. Að mati SFF er þó ekki nægilega skýrt kveðið á um áhrif þess að smáfarartækjum eða léttum bifhjólum í flokki 1 sé breytt, þ.e. hvort að slíkt hafi áhrif á skráningarskylduna. Af frumvarpinu verður hins vegar ekki ráðið að ætlunin sé að við breytingu verði þessi ökutæki skráningarskyld. Löggjöfin þarf að taka af allan vafa um afleiðingar slíkra óheimilla breytinga.

Þróunin hefur orðið sú í ýmsum nágrannalöndum okkar að takmarka eða banna notkun rafhlaupahjóla eða gera þau váttryggingaskyld m.v. ákveðin þyngdarmörk. Samtökin telja mögulegt að lagabreyting, sem felur í sér að undanskilja rafhlaupahjól frá skráningarskyldu og váttryggingarskyldu samræmist ekki síðustu breytingu á tilskipun ESB um ökutækjatrýggingar (Motor Insurance Directive).

Tillaga SFF um breytingu á 57. gr. umferðarlaga

SFF vilja einnig leggja til breytingu á 57. gr. umferðarlaga varðandi notkun á sínum og snjalltækjum. Tækniþróun hefur orðið sú að í mörgum bílum eru öll helstu stjórnæki ökutækisins í innbyggðum snertiskjám / snjalltækjum. Það var ekki það sem haft var í huga við setningu ákvæðisins. Samtökin leggja því til eftirfarandi orðalagsbreytingu: bönnuð sé notkun „.....snjalltækja, sem ekki telst staðalbúnaður ökutækisins,.....“

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllt,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.



Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur